

**Rannsóknir á seiðastofnum  
Fljótaár árið 2002**

**Eik Elfarsdóttir**

**Hólum, desember 2002**

**VMST-N/0211**

## **Inngangur og aðferðir**

Athugun á seiðastofnum Fljótaár, Reykjaár og Brúnastaðaár var gerð í byrjun ágúst 2002. Markmið þessara athugana var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu laxa- og bleikjuseiða sem og afkomu þeirra og vöxt í ánum þremur. Á grundvelli þessara upplýsinga er lagt mat á heildarástand laxa- og bleikjustofna Fljótaár og bleikjustofna Reykjaár og Brúnastaðaár.

Vöxtur, þéttleiki og árgangastyrkleiki seiðastofna Fljótaár, Reykjaár og Brúnastaðaár var kannaður með rafveiðum í ágúst 2002. Rafveitt var á fimm stöðum í Fljótaá, þeim sömu og undanfarin ár, einum í Reykjaá og einum stað í Brúnastaðaá. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 120 – 490 m<sup>2</sup>. Stærð rafveiðistaða var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á grýttum köflum í ánni þar sem von er meiri seiðaframleiðslu og fleiri árganga seiða.

## **Niðurstöður rafveiða**

Við Bakkavað varð vart við bæði vorgömul (0+) og þriggja ára (3+) laxaseiði (tafla 1, mynd 1) en ekki varð vorgamalla seiða vart í ánni í rafveiðum árið 2001, þá veiddust við Bakkavað tveggja og þriggja ára laxaseiði (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0118). Þrír árgangar bleikjuseiða veiddust 2002, vorgömul, tveggja- og þriggja ára (tafla 2, mynd 2). Þéttleiki vorgömlu bleikuseiðanna var mun meiri en árið áður.

Á efri viðmiðunarstað, sem er milli Bakkavaðs og neðri rafstöðvar, veiddist nokkuð af vorgömlum laxaseiðum ásamt tveggja og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 1). Þéttleiki vorgamalla bleikjuseiða var frekar mikill en einnig fundust eins og tveggja ára seiði (tafla 2, mynd 2).

Við neðri rafstöðina veiddust aðeins þriggja ára laxaseiði (tafla 1, mynd 1) en í fyrra fannst þar einungis sami árgangur, þá tveggja ára. Bleikjuseiði voru hins vegar af tveimur árgöngum, vorgömul og tveggja ára (tafla 2, mynd 2).

Við Bjarnargil veiddust fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul til þriggja ára (tafla 1, mynd 1). Heildarþéttleiki laxaseiða var svipaður og árið 2001 sem var þá mun minni en áður hafði verið. Bleikjuseiðin sem fundust við Bjarnargil voru vorgömul og tveggja ára en þéttleiki þeirra var nokkuð mikill (tafla 2, mynd 2).

Á neðstu stöðinni í Fljótaá, við ós, veiddust engin laxaseiði þetta árið (tafla 1, mynd 1) en 2001 fundust þar tveggja ára seiði. Nokkuð fannst af bleikjuseiðum þar, fjórir árgangar, vorgömul til þriggja ára (tafla 2, mynd 2), en þéttleiki þeirra var þó mun minni en 2001 en þá var hann mjög mikill.

Í Reykjaá var rafveitt rétt fyrir neðan gömlu brúna á þjóðvegi. Þar veiddist nokkuð af vorgömlum og eins árs bleikjuseiðum, en einnig varð vart við þriggja ára seiði (tafla 1, mynd 3).

Veitt var rétt fyrir ofan brú á þjóðvegi í Brúnastaðaá, þar fundust aðeins vorgömul og eins árs bleikjuseiði (tafla 1, mynd 3).

Meðalástandsstuðull var reiknaður fyrir alla árganga laxaseiða í Fljótaá eftir rafveiðistöðum, stuðull þessi er oftast um eða yfir 1 fyrir laxaseiði og í Fljótaá reyndist hann vera yfir 1 í öllum tilfellum (tafla 3) sem segir að ástand seiðanna sé nokkuð gott. Einnig var reiknuð út lífþyngd árganganna á öllum rafveiðistöðvum (tafla 4) og reyndist heildarlífþyngd laxaseiða mest við efri viðmiðunarstað.

### **Umraður**


Heildarþéttleiki laxaseiða í Fljótaá sumarið 2002 var nokkuð minni en sumarið áður og munaði þá einna mestu um hinn sterka árgang tveggja ára seiða 2001 sem líklega hefur gengið til sjávar að mestum hluta vorið 2002. Árgangarnir sem virtust litlir í fyrra eru ekki að skila sér betur 2002 sem eins og tveggja ára seiði. Nokkur vonbrigði eru það að ekki sé meira af eins árs seiðum því þó þau hafi ekki sést í rafveiðum 2001 tekur það vorgömlu seiðin alltaf nokkurn tíma að dreifa sér um ána og koma þau því

oft ekki fram í rafveiðum að ráði fyrir en árs gömul. Hins vegar veiddist nokkuð af vorgömlum seiðum í rafveiðum nú í ágúst 2002 meðal annars í efri hluta árinna þar sem klak og uppeldi seiða hefur misfarist nokkuð síðustu ár. Það lítur því út fyrir að klak úr hrygningu haustið 2001 sé að skila sér nokkuð betur en klak úr hrygningu 2000. Veiðin sumarið 2001 var nokkuð meiri en sumarið 2000, þó rekja megi það að hluta til þess veiðifyrirkomulags sem komið var á í ánni 2001, en þá var farið að sleppa öllum laxi og veiðitíminn stytur. Getur því verið að einhverjir laxar hafi veiðst oftar en einu sinni og því virðist vera fleiri en áður, en að sama skapi eru meiri líkur á að fleiri laxar hafi lifað til að ná að hrygna í ánni.


Sjógöngustofn laxaseiða í Fljótaá lítur út fyrir að hafa verið nokkuð stærri vorið 2002 en búist var við, því stór hluti þriggja ára seiða virðist hafa gengið til sjávar. Vegna þess hve mikið af þriggja ára seiðum hefur gengið til sjávar síðasta vor lítur ganga vorsins 2003 út fyrir að verða minni fyrir vikið. Nokkuð er af þriggja ára seiðum enn í ánni sem þá ganga út fjögurra vetra gömul en árgangurinn á eftir er mjög lítil og ekki hægt að búast við stórri göngu úr honum.

Þéttleiki bleikjuseiða í Fljótaá var nokkuð minni í ágúst 2002 en sumarið 2001 og munar þá mestu um hinn mikla þéttleika vorgamalla og eins árs seiða sem veiddust á neðstu stöðinni í Fljótaá, við ósinn, 2001. Almennt var því fremur lítið um bleikjuseiði í ánni eins og síðustu ár. Einnig var rafveitt í Brúnastaðaá og Reykjaá. Í báðum ánum virðist þéttleiki bleikjuseiða vera nokkuð minni en í rafveiðum 2000 þegar stofnarnir virtust á uppleið eftir lögð. Ástand bleikjustofna á vatnasvæðinu er því frekar svipað og það hefur verið síðustu ár og ætlar það að taka bleikjuna nokkuð langan tíma að ná sér aftur á strik á svæðinu.



Á heildina lítið má búast við slakri sjógöngu laxaseiða næstu tvö árin en sá árgangur sem nú er vorgamall gefur þó vonandi vísbendingu um að laxastofn Fljótaár sé á uppleið samfara breyttu veiðifyrirkomulagi sem virðist hafa gefist frekar vel og verður spennandi að fylgjast með þróun laxastofnsins næstu árin. Þokkaleg ganga laxaseiða vorið 2002 gefur einnig ágæt fyrirheit fyrir veiði árið 2003.



Mynd 1: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fljótaá í ágúst 2002.



Mynd 2: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fljótaá í ágúst 2002.



Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Reykjaá og Brúnastaðaá í ágúst 2002.

**Tafla 1:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Fljótaá í ágúst 2002.

Staður	Stærð svæðis	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Bakkavað	32x12m	0,52			0,52
Efri viðmiðunarstaður	20x20m	1,50		2,25	1,75
Neðri rafstöð	30x4m				1,67
Við Bjarnargil	45x9m	0,74	0,25	0,99	1,48
Ós	30x4m				
Reykjaá	40x11m				
Brúnastaðaá	35x14 m				

**Tafla 2:** Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Fljótaá í ágúst 2002.

Staður	Stærð svæðis	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Bakkavað	32x12m	11,20		0,52	0,78
Efri viðmiðunarstaður	20x20m	8,00	0,75	0,75	
Neðri rafstöð	30x4m	1,67		3,33	
Við Bjarnargil	45x9m	6,17		4,20	
Ós	30x4m	6,67	8,33	2,50	0,83
Reykjaá	40x11m	2,27	1,59		0,23
Brúnastaðaá	35x14 m	1,84	0,41		



**Tafla 3:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Fljótaá í ágúst 2002 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	1,35	0,002	2							1,13	0,16	2
Efri viðmiðunarstaður	1,02	0,15	6				1,24	0,06	9	1,16	0,19	7
Nedri rafstöð										1,11	0,01	2
Við Bjarmargil				1,37		1	1,11	0,07	4	1,15	0,09	6
Ós												
Samtals	0,80	0,54	8	1,37		1	1,20	0,09	13	1,15	0,13	17

**Tafla 4:** Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

	Vísitala þífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )			
	0+	1+	2+	3+
Bakkavað	0,3	0,0	0,0	11,8
Efri viðmiðunarstaður	0,8	0,0	29,0	30,5
Nedri rafstöð	0,0	0,0	0,0	23,6
Við Bjarmargil	2,2	0,8	12,8	26,0
Ós	0,0	0,0	0,0	0,0
Samtals				12,2
				60,4
				23,6
				41,8
				0,0